



Heimsóknarbann í Barmahlíð vegna Covid-19 veirunnar

Áríðandi tilkynning til íbúa Reykhólahrepps, aðstandenda, starfsfólks og annarra gesta á hjúkrunar-og dvalarheimilinu Barmahlíð.

Tekin hefur verið ákvörðun um að setja á heimsóknarbann á hjúkrunarheimilið Barmahlíð frá 10. mars um óákveðinn tíma vegna Covid 19 veirufaraldurs. Til þess að tryggja sem best öryggi heimilisfólks og íbúa.

Nú er staðfest að smit vegna kórónaveirunnar hafa borist á milli einstaklinga í þjóðfélaginu. Þar sem íbúar Barmahlíðar tilheyra þeim hópi þeirra sem eru í sérstökum áhættuhóp að veikjast alvarlega af kórónaveiru er þessi ákvörðun tekin. Er það von okkar að þessu verði vel tekið og sýndur skilningur.

Bent er á að hægt er að hringja í heimilismenn í síma 434-7816. Eða hafa samband við hjúkrunarfræðing í síma 694-2386 eða barmahlid@reykholar.is

Allar nýjustu upplýsingar af stöðu mála er hægt að nálgast af vefsíðu Landlæknisembættisins á <https://www.landlaeknir.is/>

Helga Garðarsdóttir

Hjúkrunarforstjóri Barmahlíðar